

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt
í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nykhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð
og Veturhús í Geithellnahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Geithellnahreppi jarðirnar Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Að öðrum kosti skal kaupverð ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Geithellnahreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.